


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Heimilishald HSHXS24</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Sigrún Fanney Sigmarsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SFS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

**Námshæð:** Náms- og starfsfræðsla, lífsleikni, samfélagsfræði og heilbrigðisfræði.


**Áfangalýsing:** Í áfanganum fá nemendur fræðslu um þá möguleika sem bjóðast að loknu námi á starfsbraut varðandi frekara nám, störf og áhugamál. Fjallað verður um sjálfstæða búsetu svo sem mismunandi búsetuform, færslu heimilisbókhalds, áætlanir um matarinnkaup, skipulagningu heimilishalds og fleira tengt því. Heilsusamlegt líferni verður til umfjöllunar og sá ávinningur sem felst í því. Þá er fjallað um réttindi, ábyrgð og skyldur einstaklinga sem borgara og þátttakenda í lýðræðissamfélagi. Einnig verður fjallað um þátt stéttarféлага og hlutverk þeirra í samfélaginu og nemendur læra að lesa og skilja launaseðla og hvar sé hægt að nálgast þá sem og upplýsingar um þá.

**Markmið:** Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu** og **skilning** á:

- hvað það þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- hvað þurfi til að búa í sjálfstæðri búsetu
- hvaða möguleika hann hafi til frekara náms
- hvar hann leitar eftir starfi og hvaða leiðir hann hefur til að fá það starf sem hann óskar eftir
- mikilvægi frístundastarfa og félagslegrar virkni
- heilsusamlegu líferni

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- halda heimilisbókhald
- gera áætlanir um innkaup
- framkvæma þrif á heimili
- leita eftir upplýsingum um opinbera þjónustu s.s á netinu
- afla sér upplýsinga varðandi launaseðla og því tengdu

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	<b>Heimilishald HSHXS24</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>		

- lesa innihaldslýsingar með tilliti til hollustu og góðrar heilsu

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu **þekkingu** og **leikni** sem hann hefur aflað sér til að:

- meta möguleika sína hvað varðar nám, atvinnu og áhugamál
- skipuleggja heimilishald hvort sem er einn eða með öðrum
- nýta sér tómstunda- og félagsstörf
- búa til eigin ferilskrá hvort sem er einn eða með öðrum
- njóta samveru og líðandi stundar
- lifa heilbrigðu lífi


#### Námsmat og vægi námsþátta:

- sjálfsmat/jafningjamat, samvinna í hóp 40%
- ferilskrá, vinnubók og verkefni 30%
- þátttaka og virkni 30%

#### Áfanginn er Staðinn/Fallinn

Dagsetning: 02.09.16

  
Undirritun kennara

5.9.2016  
  
Undirritun brautarstj., fagskj. eða staðgengils